

Aðalfundur LÍV 16. október 2010 Hveravöllum.

Fundargerð

Dagskrá:

1. Fundarstjóri kosinn
2. Fundarritari kosinn
3. Skýrslur svæðafélaga
4. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram og skýrðir
5. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs
6. Ákvörðun um félagsgjald og skipting þess
7. Ákvörðun um félagsgjald þeirra félaga sem hafa aukaðild að sambandinu
8. Lagabreytingar
9. Ný stjórn kynnt
10. Kostnir tveir skoðunarmenn og einn til vara
11. Ákvörðun um næsta aðalfund
12. Önnur mál

Fundur settur 16:30 og gengið til dagskrár.

1. **Fundarstjóri kosinn:** Björn Trausta
2. **Fundarritari kosinn:** Heiðar Jónsson

3. Skýrslur svæðafélaga

- a. LÍV: Forsetinn kynnti starf síðasta vetrar. Engar markverðar ákvarðanir teknar.
- b. E.LÍV : Birkir Sigurðsson kynnti starf vetrarins.
- c. R.LÍV: Arnar Aðalgeirsson kynnti starf vetrarins.
- d. S.LÍF: Kiddi Túrbó kynnti starf vetrarins. Fór hann einnig yfir aðkomu félagsins að fyrirhuguðum veg/slóða inn Kaldbaksdal, teikningar lagaða og málið rætt.

4. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram og skýrðir

Forseti félagsins fór yfir rekstrar- og efnahagsreiking síðasta starfsárs í fjarferu gjaldkera. Reikningar samþykktir samhljóða.

5. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs

Rekstraráætlun 2010-2011 löggð fram. Samþykkt samhljóða.

6. Ákvörðun um félagsgjald og skipting þess

Samþykkt var að félagsgjald yrði óbreytt 4.500.- kr. Samþykkt var að skiptingin yrði einnig óbreytt þ.e. 60% til aðildarfélaga og 40% til LÍV.

7. Ákvörðun um félagsgjald þeirra félaga sem hafa aukaðild að sambandinu

Ákveðið var að hafa óbreytt kerfi þ.e. eitt félagsgjald á lögheimili (maki og börn).

8. Lagabreytingar

Engar

9. Ný stjórn kynnt

Arnar Aðalgeirsson og Freyr Aðalgeirsson frá R.LÍV – varamaður þeirra er Ólafur Ólafsson
Kristinn Björgvinsson og Gunnar Helgi frá S.LÍV – varamaður þeirra er Jóhann Gunnlaugsson
Birkir Sigurðsson og Viðar Pálsson frá E.LÍV – varamaður þeirra er Baldur Karlsson.

10. Kostnir tveir skoðunarmenn og einn til vara

Sömu skoðunarmenn kostnir áfram.

11. Ákvörðun um næsta aðalfund

Samþykkt var að næsti aðalfundur yrði haldinn að Hveravöllum í október 2011.

12. Önnur mál

- a. Samtök útivistarfélaganna (SAMÚT) kynnt. Þór Kjartansson tilnefndur í framkvæmdarstjórn Samút f.h. LÍV.
- b. Rætt um mikilvagi þess að kynna vélsleðamennsku í ljósi þess að undirbúningur ar hafinn að hálfu stjórnvalda að takmarka vélsleðamennsku í óbyggðum. Rætt um hvort ráða ætti PR mann / allmannatengsla manneskju til að koma sjónarmiðum LÍV á framfæri og kynna sleðamennsku allmennt. Stjórn LÍV ætlar að skoða þetta mál sérstaklega á í vetur.
-Markmið að ferðafrelsi vélsleðamanna skerðist ekki.

Fundi slitið 19:07